

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Húsavík

UMHVERFISSTOFNUN  


Dags eftirlits	12.6.2014	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST	
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	574394,29 617922,761

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlit. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Sest var yfir skráningar og skoðuð voru mánaðarblöð og skráningar á eftirliti, viðhaldi og mælingum í stöðinni. Mælingar á olíuleifum í frárennslí olíuskilju voru framkvæmdar með olíuprófi Macherey Nagel. Ekki greindist olía í frárennslinu. Ekki er gerð athugasemd við rekstrarhandbók.

Fimm geymar eru í stöðinni og hafa fjórir þeirra verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Svartolíugeymir nr. T0156 er ekki í notkun en verður þykktarmældur áður en hann verður tekinn aftur í notkun.

Lagnir nr. 640.50.00 og 640.60.00 sem liggja á milli bryggju á Húsavík og olíubirgðastöðvarinnar hafa verið blindaðar og aftengdar og því er allt eldsneyti nú afgreitt með flutningabílum. Skýrsla véldmiðjunar Gríms ehf. um að hafa unnið verkið liggur fyrir.


Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymir skoðaður svo og lekavarnir (þró) og olíuskilja. Tiltekt í stöðinni bætir ásýnd hennar mikið. Tekið var á lokum í frárennslí þróa og reydust þeir lokaðir eins og áskilið er. Áfyllingarplan var svo og skoðað. Girðingar og hlið voru í lagi.

## ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

Reykjavík, 13.08.2014

  
Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.